



Krabbameinsfélagið

Efnahags- og viðskiptanefnd
nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2021


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), 342. mál.

Krabbameinsfélag Íslands fagnar þeim tímabæru breytingum sem lagðar eru til í frumvarpsdrögnum. Breytingarnar munu án efa hafa jákvæð áhrif og efla þriðja geirann í sínum mikilvægu störfum til almannaheilla.

Í síðustu málsgrein 8. greinar frumvarpsins er fjallað um að verði breyting á forsendum endurgreiðslu virðisaukaskatts innan 10 ára frá því að framkvæmd fór fram, skuli félag leiðrétt virðisaukaskatt og endurgreiða ríkissjóði.

Krabbameinsfélagið ítrekar þá tillögu, sem áður var send inn í samráðsgátt stjórnvalda að að tímabilið frá því að framkvæmd fór fram og þar til þær breytingar verða sem geta kallað á endurgreiðslu, verði stytt í fimm ár. Endurgreiðsla félaga til ríkissjóðs verði ekki að fullu allan þann tíma, heldur reiknist hlutfallslega miðað við fimm ár.

Virðingarfyllst,
f.h. Krabbameinsfélags Íslands



Halla Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri